

# Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar maí 1998 – maí 1999

BIRGITTA SPUR

## Sýningar

Á árinu sem leið voru haldnar þrjár gestasýningar í safninu, meðal annars til að fagna þeim tímamótum að haustið 1998 voru liðin tíu ár frá því safnið var opnað almenningi.

Fyrsta gestasýningin var opnuð þann 25. apríl og sýndi Örn Þorsteinsson um 50 verk úr málm í báðum sölum safnsins. Sýningu Arnar lauk 5. júlí. Á tímabilinu 11. júlí til 2. ágúst var sýning í efri sal á völdum olíumálverkum eftir Nínu Tryggvadóttur úr einkasafni dóttur listakonunnar Unu Dóru Copley. Í framhaldi af þeirri sýningu voru sýnd verk eftir Sigurjón og aðra samtímamenn og vini hans, þau Guðmundu Andrésdóttur, Þorvald Skúlason, Kristján Davíðsson og Jóhannes Jóhannesson. Bar sýningin heitið VINAFUNDUR. Allar sýningar voru vel sóttar og fengu mjög jákvæða umfjöllun í blöðunum.

Safnið var lokað frá 1. september fram til 21. október vegna undirbúnings yfirlitssýningar á verkum Sigurjóns hér í safninu og í Hafnarborg. Með þessari sýningu var haldið upp á 90 ára afmæli listamannsins, 10 ára starfsafmæli safnsins og útgáfu fyrra bindis af ævisögu hans og listaverkaskrá.

Sýningin í LSÓ var opnuð af menntamálaráðherra Birni Bjarnasyni á sjálfum afmælisdeginum. Borgarstjórinn í Reykjavík frú Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hélt einnig ræðu þar sem hún m.a. gat þess að hún og Sigurjón væru skyld. Sýningin í Hafnarborg var opnuð þann 31. október af bæjarstjóranum í Hafnarfirði, Magnúsi Gunnarssyni og flutti Birgitta Spur stutt ávarp. Á báðum sýningum var flutt tónlist með þátttöku nokkurra tónlistarmanna undir stjórn Hlífur Sigurjónsdóttur.

Sýningin í Hafnarborg stóð fram á Þorláksmessu og var meðal annars mikið sótt af skólanemum, en safnakennari Hafnarborgar hafði undirbúið leiðsögn fyrir þá í samvinnu við forstöðumann LSÓ. Að auki hélt Aðalsteinn Ingólfsson sérstakan fyrirlestur um Sigurjón og var sýningunni gerð góð skil í þættinum MÓSAIK í ríkissjónvarpinu í nóvember.

Sá hluti yfirlitssýningarinnar sem var settur upp í LSÓ hefur verið til sýnis þar veturinn 1998-99.

## Þriðjudagstónleikar

Sumartónleikar safnsins 1998 hófust í lok júní vegna Listahátíðar í Reykjavík og voru með líku sniði og undanfarin ár. Var það tíunda árið sem safnið stóð fyrir vikulegum tónleikum yfir sumarmánuðina. Haldnir voru níu tónleikar á vegum safnsins og fram komu 20 tónlistarmenn.

## Aðrir tónleikar

Auk hinna föstu þriðjudagstónleika voru haldnir sjö tónleikar í safninu.

## Önnur starfsemi

Að venju var salur safnsins rammi um móttökur og ýmsar uppákomur. Hér skal aðeins getið um úthlutun tónlistarverðlauna úr minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat þann 22. júlí og stofnfund Listaháskóla Íslands sem haldinn var í safninu við hátíðlega athöfn þann 21. september, þar sem menntamálaráðherra Björn Bjarnason undirritaði stofnskrá skólans.

Margir hópar, innlendir sem erlendir, komu í safnið og fengu sérstaka fyrirgreiðslu í formi veitinga og leiðsagna.

## Rannsóknir og útgáfustarfsemi

Fyrra bindi ritverks um ævi og list Sigurjóns, sem hefur verið í vinnslu undanfarin ár á vegum safnsins, kom út þann 21. október eins og stefnt hafði verið að. Hið íslenska bókmenntafélag bauðst til að taka að sér dreifingu bókarinnar og var þessu boði tekið. Fékk bókin mjög jákvæða dóma og góða umfjöllun bæði í útvarpi og dagblöðum.

Síðara bindi verksins kemur út á þessu ári og verður nokkuð meira að umfangi. Sótt hefur verið um útgáfustyrki til Menningarsjóðs og Vísindasjóðs Íslands/Rannís.

### **Skipulagsmál**

Sumarið 1998 var hafist handa við að leggja holræsi gegnum Laugarnestúnið út að fyrirhugaðri hreinsistöð á uppfyllingu hjá svokallaðri Olísbryggju. Svo virðist sem eining hafi ríkt um tillögur að deiliskipulagi fyrir Laugarnes, þótt skipulags- tillaga hafi ekki enn verið samþykkt. Sterkar líkur eru fyrir því að lagður verður þungaflutningavegur meðfram tollvörugeymslunni. Ef af verður hefur það í för með sér hávaðamengun og verulega skerðingu á útivistarsvæðinu. LSÓ hefur farið fram á að rafmagns- og símalagnir út á nesið verði lagðar í jörðu sem allra fyrst. Svo virðist sem slíkt sé háð endanlegri samþykkt á deiliskipulagi svæðisins.

### **Uppsetning Íslandsmerkis**

Formaður skipulagsnefndar Reykjavíkurborgar hefur ásamt öðrum beitt sér fyrir því að Íslandsmerki Sigurjóns verði sett upp á Hagatorgi sumarið 1999 og hefur fé verið veitt til að kosta uppsetninguna. Myndin var tekin niður snemma árs 1991 þar eð hluti hennar skemmdist í aftakaveðri sem gekk yfir landið. Viðgerð er löngu lokið.

### **Bronsafsteypur og eftirgerðir verka Sigurjóns**

Verkið *Fótboltamenn* frá 1936, sem hjónin Guðrún og Ólafur Ó. Johnson færðu safninu að gjöf vorið 1997 var steipt í brons hjá Bronsekunst í Osló og komst í safnið sumarið 1998. Þar var það til sýnis í ágústmánuði. Síðan var það á sýningunni í Hafnarborg.

Sumarið 1998 vann myndhöggvarinn Helgi Gíslason eftirgerð af verkinu *Blómgun*, LSÓ 144, í bronsplötur fyrir Sólheima í Grímsnesi. Milligöngu um gerð verksins hafði VISA Ísland. Verkið var sett upp haustið 1998 og höfðu Helgi Gíslason og Birgitta Spur sagt til um staðsetningu þess í garði Sólheima.

### **Ráðstefnur**

Vegna anna sótti forstöðumaður safnsins engar erlendar ráðstefnur á árinu. Hins vegar var hún viðstödd opnun nýrrar viðbyggingar danska ríkislistasafnsins þann 5. nóvember og átti einnig fund með forstöðumann listasafnsins í Lemvig á Jótlandi, Museet for religiøs kunst, en ráðgert er að LSÓ verði í samvinnu við þetta safn í tengslum við sýningu árið 2000.

### **Sýningar árið 2000**

Listasafn Sigurjóns hefur unnið tillögu að norrænni sýningu árið 2000 í tilefni af kristnitöku Íslendinga. Valin verða listaverk eftir norræna myndlistarmenn, bæði málara og myndhöggvara. Sérstaklega verður horft til þeirra listamanna sem hafa ekki fengist við hefðbundna kirkjulist, en sem engu að síður hafa fjallað um kristin og trúarleg minni í verkum sínum. Slíkt innihald getur verið dulið áhorfendum og er það markmið sýningarinnar, meðal annars, að rannsaka og túlka verkin. Sýningin sækir heiti sitt í verk eftir Sigurjón: *Hærra til þín*. Kristnihátíðarnefnd og Reykjavík menningarborg Evrópu 2000 hafa lofað framlagi til sýningarinnar, sem á að hefjast í LSÓ og Ásmundarsafni haustið 2000 og verður því næst sýnd í Þórshöfn í Færeyjum og í Danmörku. Samstarfsaðili á Íslandi verður Ásmundarsafn í Reykjavík. Forsenda fyrir framkvæmd sýningarinnar er þó að hún verði styrkt af Norræna menningarsjóðnum, en búist er við svári um mitt sumar 1999.

### **Aðföng**

Eftirtaldir gjafir hafa borist safninu:

Hjónin Kristján Guðmundsson og Valborg Hallgrímsdóttir færðu safninu að gjöf verkið *Stormfuglinn* (LSÓ 252), sem undanfarin ár hefur verið í langtímaláni og staðsett í kaffistofu safnsins.

Börn hjónanna Gísla Ólafssonar og Kristínar Einarsdóttur færði safninu lágmynd í gísi af Kristínu Einarsdóttur (LSÓ 253).

Inge Lynge, ekkja grænlenka listamannsins Hans Lynge, gaf safninu litla trémynd *Höfrung* sem Sigurjón hafði gefið Hans Lynge árið 1981.

Arnþrúður Magnúsdóttir Aspelund á Ísafirði gaf safninu andlitsmynd í gísi (únika) af systur sinni Sigrúnu Magnúsdóttur söngkonu frá 1930 (LSÓ 1015). Stefnt er að því að láta steypa þetta verk í brons í varðveisluskyni.

Er mikill fengur fyrir safnið að eignast þessi fjölbreyttu listaverk frá mismunandi tímabilum.

### **Safnmunir**

Skráð listaverk í eigu LSÓ voru um áramótin 1998-99 alls 365.

## **Tækjakaup**

Góð PC tölva með 17" skjá var keypt til ritvinnslu.

## **Útlán listaverka og geymslumál**

Eins og undanfarin ár eru nokkur verk eftir Sigurjón til sýnis hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen og í stigagöngum Sundaborgar við Kleppsveg. Listaverkæign safnsins er geymd á Vitastíg 3. Enn eru gróf áhöld og vinnuborð Sigurjóns o.fl. geymd í gámi á lóð Landsvirkjunar við Hestháls.

## **Fjöldi safngesta**

á árinu var 5.200.

## **Aðgangseyrir**

Aðgangseyrir að sýningum safnsins hefur verið óbreyttur undanfarin ár: kr. 200 fyrir fullorðna, kr. 100 fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Í tilefni afmælisárs safnsins var hafður ókeypis aðgangur í safnið sumarið 1998. Það varð þó ekki til þess að safngestir keyptu listaverkakort, plaköt eða rit safnsins.

## **Opnunartími**

1. júní - 31. ágúst: Allir dagar nema mánudagar kl. 14-17

1. sept.- 31. maí: laugardagar og sunnudagar kl. 14-17

Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi.

## **Fastir starfsmenn**

Í föstu starfi hjá safninu eru forstöðumaður í fullu starfi og Geirfinnur Jónsson í hlutastarfi. Helga Guðmundsdóttir og Steinunn Þórhallsdóttir, sem báðar hafa verið í fullu starfi á árum áður, komu til afleysinga sumarið og haustið 1998.

## **Stjórnarfundir**

Stjórnarfundir voru haldnir í safninu 19. mars, 16. apríl, 4. maí, 3. júní og 9. desember 1998. Þar að auki hefur ritnefnd setið fundi reglulega.

## **Stjórn LSÓ skipa**

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Aðalsteinn Ingólfsson, Anna Einarsdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

## **Fulltrúaráð LSÓ skipa**

Anna Einarsdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Ingi R. Helgason (formaður), Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Ó. Johnson, Pétur Guðmundsson og Sigmundur Guðbjarnason.

## **Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa**

Baldvin Tryggvason, Birgitta Spur og Matthías Johannessen.

## **Endurskoðandi safnsins**

er Árni Snæbjörnsson, löggiltur endurskoðandi.